Hafnarfjörður

Starfshópur um endurskipulag leikskólastarfs í Hafnarfirði

Erindisbréf

Verkefni starfshópsins tengjast tillögum sem komu fram í lokaskýrslu starfshóps um eflingu leikskólastigsins í Hafnarfirði frá því í maí 2022.

Hlutverk:
Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 þá er hann fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt þeim. Hlutverk hans er að tryggja börnum menntun og hæfni í gegnum leik sem er aðalnámsleið barna og kennsluaðferð kennara. Mikilvægt er að börn fái nægan tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik og hlutverk leikskólakennara er að skapa börnum góðar leikaðstæður og styðja við leikinn þannig að hann leiði til náms.

Til að takast á við þær aðstæður sem við sem samfélag stöndum frammi fyrir þarf nýja hugsun og eitt af því sem þarf að taka til endurskoðunar er innra skipulag leikskólans. Í Hafnarfirði er vilji til að huga vel að starfsaðstæðum í leikskólum bæjarins og má í því samhengi nefna þær skýrslur sem hafa verið gefnar út og við erum t.a.m. með örlítið meira rými fyrir börnin en þau sveitarfélög sem við berum okkur gjarnan saman við.

Innra skipulag leikskólans hefur verið óbreytt til fjölda ára og því mikilvægt að skoða það í takt við þær breytingar sem átt hafa sér stað með þeim breytingum á lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig hefur stytting vinnuvikunnar kallað á nýja hugsun og nýja nálgun sem vegur talsvert í breytingum sem þessum þar sem þurft hefur að endurskipuleggja vinnutíma starfsfólks. Vistunartími barna hefur styst að einhverju leyti en þó ekki fyrr en farið var í að setja mörk um hámarksvistunartíma.

Langvarandi kennaraskortur sem hefur verið viðvarandi svo árum skiptir og hið lögbundna hlutverk leikskólans hefur átt undir högg að sækja. Til að takast á við þær aðstæður sem hér hafa verið nefndar er stigið það skref að gera leikskólann samkeppnishæfan við grunnskólann þegar kemur að störfum kennara.

Við endurskipulagningu á leikskóladeginum þarf að endurskilgreina nánar faghlutverk leikskólakennara og búa til meira vægi fyrir þá kennara sem eru til staðar. Að deginum sé skipt upp með áherslur á mismunandi þætti s.s. hvenær er unnið markvisst með leikinn sem námskeið, hvar fari fram nám í gegnum daglegar athafnir og svo hinn frjálsi leiktími.

Á þennan hátt myndast sá möguleiki til að nýta þekkingu leikskólakennara með því að afmarka betur vinnu við grunnþættina í gegnum leikinn.

Hafnarfjörður

Meginverkefni:
Meginverkefni starfshópsins, út frá endurskipulagning á daglegu skólastarfi (dagsskipulaginu) í leikskólum Hafnarfjarðar, eru eftirfarandi:

1. Að gera tillögur um breytingar á daglegu skipulagi leikskólastarfsins sem auka gæði skólastarfsins enn frekar og gefa leikskólakennurum um leið meira rými og svigrúm til faglegrar starfsþróunar.
2. Að finna leiðir til að gera starfsumhverfið meira aðlaðandi fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskólanna.
3. Að gera tillögur um endurskipulagningu á vinnutíma starfsmanna leikskóla sem tekur mið af styttingu vinnuvikunnar til að skapa betra starfsumhverfi en áður og án þess að draga úr faglegum gæðum starfseminnar.

Starfshópinn skipa:

- Tveir fulltrúar meirihluta fræðsluráðs Hafnarfjarðar.
- Einn fulltrúi minnihluta fræðsluráðs Hafnarfjarðar.
- Fulltrúi foreldra leikskólabarna í leikskólum Hafnarfjarðar.
- Fulltrúi leikskólakennara í leikskólum Hafnarfjarðar.
- Fulltrúi leikskólastjóra í Hafnarfirði.
- Fulltrúi leiðbeinenda.
- Þróunarfulltrúi leikskóla, sem jafnframt er starfsmaður hópsins.
- Formaður Félags leikskólakennara.
- Ritari skrifstofu mennta og lýðheilsusviðs.
- Sviðsstjóri mennta og lýðheilsusviðs.

Formaður starfsópsins er tilnefndur af fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Auk ofangreindra skal starfsmaður hópsins skipuleggja aðkomu og samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Háskóla Íslands/Háskólann á Akureyri og Félag stjórnenda í leikskólum. Starfshópurinn hefur heimild til að kalla til þá aðila sem hann telur að hann þurfi á starfstíma hans.

Hópurinn ákveður fasta fundartíma á fyrsta fundi og fundar hálfs mánaðarlega.. Gert er ráð fyrir að fundað verði átta sinnum (aðra hvora viku). Starfshópurinn leggur reglulega fram fundargerðir á fundi fræðsluráðs þar sem allir fulltrúar ráðsins hafa möguleika á að koma að athugasemdum eða ábendingum er varðar verkefnið. Starfshópurinn skilar niðurstöðum eins fljótt og auðið er.

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Þróunarfulltrúi leikskóla